# GJALDSKRÁ

**fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggðar.**

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 845/2021 um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahræ séu sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í víðeigendi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

3. gr.

Gjald vegna hirðingu og eyðingar á dýrahræjum er innheimt af bújörðum, hesthúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér á eftir segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælaráðuneyti). Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær.

| | | | |
|---|---|---|---|
| a) | Sauðfé<20 | kr. | 28.600 |
| b) | Sauðfé 21 – 40 | kr. | 55.055 |
| c) | Sauðfé 41 – 80 | kr. | 72.930 |
| d) | Sauðfé> 80 | kr. | 87.230 |

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar XX. Desember 2022 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi…..

Búðardal, xx. desember 2022.

Björn Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri